

## **214. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 3. desember 2021 kl.**

**11:00**

Mætt: Geirmundur Sigurðsson (fulltrúi foreldra), Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Olga Líska Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari) og Sólbjörg Lind Björgvinsdóttir (fulltrúi nemenda).

Gestur: Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar rædd/samþykkt.**

Fundargerð síðasta fundar staðfest með undirskrift fundarmanna án athugasemda.

#### **2. Sóttvarnarstefna skólans** – gengur skólinn lengra í sóttvarnar aðgerðum en sóttvarnarlæknir leggur til?

Fyrirspurn barst varðandi sóttvarnarreglur skólans. Skólameistari fór yfir þróun mála á önninni, meðal annars í tengslum við hópsmit sem kom upp innan skólans í lok október.

Bæði nemendur og starfsmenn sýktust af Covid-19 sjúkdómnum og þurftu einnig starfsmenn og nemendur að sæta sóttkví. Enn aðrir skráðu sig í smitgát. Segja má að tekist hafi að ná tókum á útbreiðslu smita með skólalokunum sem náðu yfir fimm daga.

Fram kom hjá fulltrúa nemenda að nemendur hafi verið hræddir um að fá ekki að koma inn aftur í skólann og klára önnina. Skilningur hafi þó verið á stöðunni og aðgerðum. Þá þurfti m.a. að fresta söngkeppninni sem átti að vera á þessum tíma – verður í lok janúar.

Skólanefnd lýsir yfir stuðningi við þær sóttvarnaaðgerðir sem skólinn hefur tekið í þessum málefnum.

#### **3. Fjármálafræðsla og lögfræði** – hvar er innlögnin í skólanum ? Er verið að sinna þessu verkefni – í hvaða áföngum ?

Fyrirspurn barst varðandi fjármálafræðslu og lögfræði.

Skólameistari fór yfir þá áfanga sem taka þessi atriði fyrir sérstaklega. Lögfræðiáfangi er kenndur á hverri vorönn. Í Excel áfanga er t.d. farið yfir skuldabréf, verðtryggingu og vísitölur. Í nokkrum stærðfræðiáföngum er einnig farið yfir málefni sem tengjast fjármálum. Í lífsleikni (FÉLA1SA05) er fjallað um þessi mál í einni lotu (ca. 3-4 vikur), m.a. með fræðslu frá sérfræðingum úr fjármálageiranum. Einnig er unnið með þessi mál á sérnámsbrautinni. Þá er sérstakur fjármálaáfangi (VIÐS2FJ05) kenndur á vorin, sá er í kjarna á viðskipta- og hagfræðilínu en er einnig opinn öðrum nemendum.

#### **4. Iðnnám** – aukinn áhugi – getur skólinn tekið á móti fleiri nemendum?

Skólameistari fór yfir stöðu mála. Ráðnir voru þrjú kennarar í haust á þessari brautir, einn á rafvirkjabraut, einn á vélvirkjabraut og einn á húsasmíðabraut. Aukin aðsókn á allar brautir. Húsnæðið er nánast fullnýtt eins og er, m.a. með kvöldskóla að lokinni kennslu í dagskóla.

Spurt var um brottfall á iðnnámsbrautum. Alltaf einhver fækkun milli ára en ekki mikil.

Spurt um þarfagreiningu/spár fyrir iðnnámið. Hún er ekki til. Mikil fólksfjölgun hefur hins vegar verið á upptökusvæði skólans og líkur á áframhaldandi fjölgun á næstu árum.

Spurt um nauðsyn fyrir nýtt verknámshús/viðbyggingu, hvaða aðdraganda þurfi að hafa fyrir slíkar framkvæmdir. Skólameistari nefndi að fjármagn væri bundið nemendaspám sem taki ekki mið af raunverulegum fjölda nemenda hverju sinni. Þá kom fram að aðrir skólar séu á undan í röðinni, ef svo má segja, varðandi nýbyggingar við skólann. Mögulega þarf að beita pólitískum þrýstingi til að þoka þessum málum fram.

#### **5. Rekstrastaða lok '21/fjárveiting skv. fjárl.frumvarpi '22.**

Fjármálastjóri fór yfir nýtt fjárlagafrumvarp. Mesta hækkunin meðal framhaldsskóla á landinu er hjá okkur milli ára, eða rúmlega 150 milljóna aukning.

Förum í 1848 milljónir fyrir árið 2022, miðað við 850 nemendur (tæplega. 2,2 milljónir per nemanda).

Verið er að klára útgönguspá ársins 2021. Nú lítur út fyrir 60 milljón króna halla. Þó eiga uppþætur fyrir árið 2021 eftir að bætast við (t.d. vegna orlofs kennara, fjölgun nemenda á starfsbraut, almenn nemendafjölgun, o.s.frv.).

Þá kom fram að brotthvarf nemenda skólans frá námi hefur minnkað undanfarið.

## 6. Önnur mál

- a. **Garðyrkjuskólinn** – staða mála
- b. **Heimavistarmálin** – staðan á þeim

a. Skólameistari fór yfir stöðu mála. Beðið er eftir fundi með nýjum ráðherra menntamála til að fá staðfest að fyrri ákvörðun standi varðandi flutning garðyrkjunáms til FSu.

b. Skólameistari fór yfir stöðuna á heimavistinni í vetur. 14 ungmenni hafa dvalist þar og hefur gengið vel að mestu leyti. Gengið er út frá því að þau vilji halda áfram næsta vetur. Þá þarf að ákveða hvernig á að svara umsóknum frá nýjum nemendum. Hugsa þarf fram í tímann mögulegar breytingar á nýtingu húsnæðisins, til dæmis með tilliti til nýrra samninga við rekstraraðila viðkomandi húsnæðis.

c. **Kynningarmál:** Aðstoðarskólameistari sagði frá upptökum í síðustu viku fyrir kynningarefni sem verður svo nýtt til að kynna námsframboð skólans.

d. **Brautskráning:** 60 nemendur útskrifast laugardaginn 18. desember kl. 13:30. Tveir fullorðnir gestir mega fylgja hverjum nemanda að undangengnu hraðprófi. Athöfnin verður einnig send út á netin með streymi.

e. **Ytri úttekt:** drög að skýrslunni eru væntanleg á næstu dögum. Skólameistari og formaður skólanefndar fá þau send.

Fundarmönnum var boðið í hádegisverð að loknum fundi.

Næsti fundur er fyrirhugaður föstudaginn 25. febrúar kl. 11:00

Fundi slitið kl. 12:23

Fundarritari Sigursveinn Sigurðsson